



271. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 25. ágúst 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Berglind Axelsdóttir, BA
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Hjörleifur K. Hjörleifsson, HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Guðmundur Andrésón, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Bókun vegna dagskrár bæjarstjórnarfundar nr. 271 þann 25.ágúst 2011
Undirritaður mótmælir harðlega vinnubrögðum forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra að setja ekki inn sérstakan dagskrárlið um sölu Aðalgötu 2 (Egilshús) á dagskrá bæjarstjórnarfundar, þrátt fyrir ítrekaða tillögu og beiðni mína þar um. Þeim bar að setja þetta á dagskrá samkvæmt 3.lið 11. greinar samþykktu um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar, enda öllum skilyrðum fullnægt.
Gretar D. Pálsson

Undirrituð fara fram á afbrigði vegna auglýstrar dagskrár bæjarstjórnarfundar, og samþykki fyrir því að á dagskrá verði settur sér dagskrárliður varðandi sölu á Aðalgötu 2 (Egilshúsi).
Gretar D. Pálsson,
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Samþykkt að taka inn sem 4 lið dagskrár ósk ofanritaðra.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 476, dags. 04.08.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 2 fundargerð skipulags- og bygginganefndar, dags. 11.07.2011 (140. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Tangagata 5, viðbygging og endurbætur á húsi.



Bæring Bjarnar Jónsson sækir um f.h. Gústafs Ómarssonar og Jóhönnu Esjarsdóttur að byggja bílskúr við norðurgafli hússins og breyta aðkomu að húsi. Byggja anddyri og kvist á austurhlið og þakglugga á vesturhlið ásamt endurnýjun og breytingum á gluggum og klæða hús með bárujárnri sbr. teikningar frá Glámu/Kím dags. 29.06.2011.

Samþykkt að grenndarkynna byggingaleyfisumsókn samkvæmt 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/ 2010 fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 2, 6, 9 og Tangagötu nr. 3 og 7.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Tjarnarás 17, skjólveggur á milli lóða og hurð í stað glugga.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sumarliði Ásgeirsson sækja um að setja hurð á útvegg við eldhús í stað glugga, byggja pall og skjólgirðingu við bílskúr og reisa skjólvegg á lóðarmörkum sbr. bréf dags. 18.05.2011. Skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi lóðar liggur fyrir.

Erindi samþykkt með fyrirvara á að skjólveggur liggji 1.80 m frá lóðarmörkum við gangstéttarbrún.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Víkurgata 1, stækkun á bílaplani, hækkan á lóð.

Friðrik Jónsson sækir um að stækka bílplan til norðurs og hækka það með grjótfyllingu sbr. tölvupóst dags. 7. júní 2011.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Rarik, lóðaleigusamningar.

Haukur Garðarsson f.h. Rarik ohf, óskar eftir lóðaleigusamningum fyrir spennistöðvar í bænum sbr. tölvupóst dags. 17.05.2011.

Nefndin óskar eftir að RARIK leggi fram tillögur af afstöðumyndum að lóðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Höfðagata 11, heitur pottur.

Birna Elínbjörg Sigurðardóttir sækir um f.h. Gistivers ehf. að setja heitan pott við suðvesturhlið hússins sbr. tölvupóstur dags. 30.06.2011.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingareglugerðar.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Skólastígur 7, bílastæði á lóð.

Guðmundur Kolbeinn Björnsson sækir um f.h. Björn Jóhans Guðmundssonar um að stækka lóð samkvæmt deiliskipulagi og setja bílastæði neðan við húsið sbr. tölvupóstur dags. 1. 07. 2011.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Laufásvegur 1, skilti.

Gréta Sigurðardóttir hefur sótt um að setja upp táknskilti fyrir „Bænir og brauð, bed & breakfast“ við Aðalgötu og við Borgarbraut sbr. tölvupóst dags. 13.05.2011.

Erindi samþykkt ef skiltin eru í samræmi við þau upplýsingaskilti sem fyrir eru í bænum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku GDP, LÁH.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 Kirkjugarður, stækkun.

Lögð fram að nýju afstöðumynd af stækkun á kirkjugarði „teiknuð af Landark/Péttri Jónssyni dags 28.04.2005. Erindið var áður lagt fram og samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 18. júlí 2005. Vinna að stækkun kirkjugarðs er þegar hafin, en árið 2007 var jarðvegur fluttur á svæðið í tengslum við framkvæmdir á miðbæjarsvæðinu. Einnig hefur vegur sem liggur meðfram kirkjugarði verið færður til. Garðinum er skipt niður í tvo áfanga og lokið verður við fyrri áfanga svæðisins nú í haust, sem mun rúma 140 legstæði sbr. teikningu dags. 10.07.2010. Sveitarfélagið mun bera kostnað af framkvæmdinni í samræmi við Viðmiðunarreglur Kirkjugarðsráðs og Samband íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira dags. 29.06.2007. B.V.

Tillögur lagðar fram og samþykktar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Flutningur vegar samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 9 Reiðstígur/göngustígur, breyting á skipulagi.

Ásgeir Ásgeirsson sækir um f.h. Hesteigendafélagsins að breyta aðalskipulagi



/deiliskipulagi til að taka í notkun Gamla Þjóðveginn fyrir reiðstíg/göngustíg sbr. bréf dags. 13. maí 2011. Erindinu var vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar. Einnig er lögð fram umsögn frá Fornleifavernd Ríkisins/ Magnúsi A. Sigurðssyni dags. 11.05.2011.

Gamli Stykkishólmsvegurinn er merktur inn á uppdrátt Aðalskipulags Stykkishólmsbæjar og í greinagerð skipulagsins er gert ráð fyrir að gerður verði göngustígur eftir honum. Nefndin leggur til að leyfa stígagerð að uppfylltum skilyrðum Fornleifaverndar Ríkisins sbr. 10 gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Einnig að framkvæmdin verði gerð í samráði við Vegagerð Ríkisins sbr. umsögn Vegagerðarinnar dags. 4. 05. 2011.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt með þeim skilyrðum að framkvæmdir verði einnig í samráði við byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar.

Lárus vék af fundi og Helga kom á fundinn. Berglind stýrði fundi undir þessum lið.

Til mála tóku GDP, DS, GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð skipulagsnefndar samþykkt.

Lárus kom aftur á fundinn og Helga vék af fundinum.

Liður 20 bréf Landverndar dags. 11.07.2011 varðandi leiðbeinendanámskeið Vistverndar og styrkbeiðni.

Samþykkt að veita verkefninu styrk ef Umhverfisnefnd óskar eftir að senda 1 fulltrúa fyrir hönd sveitarfélagsins.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 21 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga dags. 20. og 26. júlí 2011 varðandi umsókn um tækifærisleyfi við Aðalgötu 3 á dönskum dögum. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 09.07.2011 varðandi umsögn vegna rekstrarleyfis gistiheimilis að Aðalgötu 7.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 04.07.2011 varðandi drög að skipulagsreglugerð, kafla um landsskipulagsstefnu.

Framlagt.



Liður 24 tölvupóstur Baldurs Úlfarssonar fh. Eddu Baldursdóttur dags. 18.07.2011 varðandi byggingarframkvæmdir á lóðinni að Reitarvegi 6a. Samþykkt að veita byggingaraðila frest til 1.5.2012 til að hefja framkvæmdir.

**Til máls tók LÁH, DS.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 25 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 19.07.2011 varðandi umsögn um rekstrarleyfi íbúðar við Silfurgötu 14. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga dags. 18.07.2011 varðandi umsögn um rekstrarleyfi sumarhúss við Reitarveg 6 í Stykkishólmi. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Gunnars Svanlaugssonar, skólastjóra GSS, dags. maí 2011 varðandi fjárhagsáætlun GSS. Framlagt. Kennslukvóti skólaárið 2011-2012 samþykktur, 441 tímar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf Önnu S. Traustadóttur, dags. 21.06.2011 varðandi Silfurgötu 18a. Framlagt. Bæjarstjóra falið að skoða málið nánar.

**Til máls tóku, GDP, GS.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 29 bréf Ritu H. og Oddfríðar K. Traustadætra, dags. 17.07.2011 varðandi Silfurgötu 18a. Framlagt. Bæjarstjóra falið að skoða málið nánar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 samningur milli Vegagerðarinnar og Stykkishólmsbæjar um veghald á þjóðvegi í þéttbýli gegnum Stykkishólm fyrir árið 2011. Samningur framlagður og samþykktur.

**Til máls tók GDP, LÁH, GS.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 31 þjónustusamningur milli HVE og Dvalarheimilis aldraðra Stykkishólmi. Samningur framlagður og samþykktur.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar veitir Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199, bæjarstjóra hér með heimild til skammtímalántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 60.000.000 kr. Heimildin gildi út árið 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 kauptilboð í Aðalgötu 2.

Bæjarstjóri lagði fram kauptilboð í Aðalgötu 2. Bæjarstjóra var falið að svara bréfitara.

Til máls tók GDP.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar lýsir ánægju sinni með vinnu og niðurstöðu starfshóps sem skipaður var af Guðbjarti Hannessyni, velferðarráðherra um endurskoðun starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi. Viljum við þakka nefndarmönnum góð störf og lýsum jafnframt yfir að við erum reiðubúin að vinna áfram að málefnum heilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi í anda tillagna sem vinnuhópurinn lagði fram í skýrslu sinni.

Eftirfarandi bókun var lögð fram.

Ekki verður séð við lestur fundargerðar bæjarráðs nr. 476 frá 4.ágúst 2011, að farið hafi verið eftir 47. grein samþykktu um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar, þar sem kveðið er á um að kjósa skuli formann og varaformann nýkjörins bæjarráðs á fyrsta fundi ráðsins. Þess er krafist að ráðinn verði bráður bugur á þessu.

Gretar D. Pálsson

Fundargerð bæjarráðs var síðan smþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 07.06.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 11.07.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 15.08.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Tangagata 5, viðbygging og endurbætur á húsi.

Bæring Bjarnar Jónsson sækir um f.h. Gústafs Ómarssonar og Jóhönnu Esjarsdóttur að byggja bílskúr við norðurgafli hússins og breyta aðkomu að húsi. Byggja anddyri og kvist á austurhlið og þakglugga á vesturhlið ásamt endurnýjun og breytingum á gluggum og klæða hús með bárujárn sbr. teikningar frá



Glámu/Kím dags. 29.06.2011. Erindið var grenndarkynnt til og með 11. ágúst fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 2, 6, 9 og Tangagötu 3 og nr. 7. Engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Skúlagata 7-7a, klæða og einangra hús að utan.

Gunnar Ægir Gunnarsson Skúlagötu 7, sækir um, ásamt f.h. eigenda Skúlagötu 7a, að einangra og klæða hús að utan með bárujárnmi sbr. umsókn mótt. 28.07.2011.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Árnatún 3, klæða hús að utan.

Héðinn Vífill Valdimarsson sækir um að klæða húsið að Árnatúni 3 að utan með bárujárnmi sbr. umsókn dags. 9.08.2011.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Ásklif 7, garðhýsi á lóð.

Ólafur K. Ólafsson sækir um leyfi til að reisa garðhýsi á lóð sbr. bréf dags. 3.08.2011.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 Skólastígur 26, breyting á gluggaopi.

Ingvar E. Valdimarsson sækir um að setja hurð í stað glugga á norðurhlið hússins með aðgengi út á sólpall, sbr. bréf dags. 10.08.2011. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 6 Borgarbraut 16, gróðurhús á lóð.

María Guðmundsdóttir sækir um leyfi til að staðsetja gróðurhús á lóð, í stað skúrs, sbr. bréf dags. 15.08.2011.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 7 Ægisgata 11, fyrirspurn um leyfi fyrir glerbyggingu.

Fyrirspurn frá Sverri Kristjánssyni Ægisgötu 11 um að byggja léttu útbyggingu úr gleri fyrir framan bátaskýli á lóð. sbr. tillögu og umsókn 15.08.2011.



Byggingarfulltrúa falið að skoða málið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 8 Silfurgata 15. Bílastæði og aðkoma að lóð.
Nefndin tekur jákvætt í að leitast verði við að bæta aðgengi frá Bókhöðustíg, að lóð efstu hæðar íbúðarhússins við Silfurgötu nr. 15.

Liður 9 Deiliskipulag Nónvíkur. Skipulagsleg staða.
Vegna formgalla á málsmeðferð á deiliskipulagi við Nónvík (Hjallatanga), teiknað af Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 19.02.2000, leggur nefndin til að skipulagið verði auglýst í B - deild Stjórnartíðinda þar sem engar athugasemdir bárust við auglýsingu á deiliskipulaginu.

Guðmundur vék af fundi við lið 11.c.

Vegna deiliskipulags við Nónvík

Við undirrituð leggjum til að deiliskipulagið verði auglýst að nýju.

Greinargerð: Vegna formgalla í málsmeðferð á deiliskipulagi við Nónvík (Hjallatanga), teiknað af Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 19.02.2000, er lagt til að tillagan verði endurauglýst í óbreyttri mynd samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þau mistök urðu að auglýst og samþykkt deiliskipulag við Nónvík var ekki birt í B- deild stjórnartíðinda og er því ekki löggilt skipulag.

Fyrir liggur mat Hjalta Steinþórssonar lögfræðings Úrskurðarnefndar skipulagsmála þess efnis að líklega sé ekki nægjanlegt að birta skipulagið í B- deild eingöngu. Rétt sé að auglýsa deiliskipulagið að nýju þar sem það var auglýst og samþykkt á árinu 2000.

Máli sínu til stuðnings bendir hann á dóm þess eðlis að ekki þótti nægjanlegt að birta í B- deild deiliskipulag sem ekki hafði verið birt í B- deild stjórnartíðinda og liðin tvö ár frá auglýsingu.

Mikilvægt er að leitast verði við að deiliskipulagið standist ýtrustu skoðun og ekki verði gerð fleiri mistök við gildistöku þess.

Lárus Hannesson

Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson

Egill Egilsson

Til máls tóku síðan, GDP, LÁH Tillagan var samþykkt samhljóða.

Liður 11 Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, kærur vegna deiliskipulagsákvæðana á Þinghúshöfða og hesthúsasvæði Fákaborgar.

Lögð fram bréf frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála dags. 22.07.2011 og 9.08.2011 ásamt afrit af kærur á frá a) Aðalheiði St. Sigurðardóttur og Guðmundi Lárussyni vegna deiliskipulagsins á Þinghúshöfða, dags. 14.07.2011.

b) Ingibjörgu Þorvaldsdóttur vegna deiliskipulagsins á Þinghúshöfða, dags. 22.07.2011.



c) Guðmundi Kristinssyni, Einari Þór Strand og Guðmundi Kolbeini Björnssyni vegna deiliskipulagsins á hesthúsasvæði Fákaborgar, dags. 18.07.2011.
Bréf lögð fram og kynnt. Þorbergur gerir athugasemd við greinagerð kæru vegna deiliskipulags hesthúsabyggðar. Þar kemur fram að einungis tvö húsanna eru talin vera góð hesthús en til viðbótar er eitt stórt stálgrindarhús og eitt steinhús í góðu ásigkomulagi.

Liður 12 Byggingarreglugerð, reglugerð um framkvæmdaleyfi og um landskipulag drög að nýjum reglugerðum til umsagnar.
Lögð fram að nýju bréf dags. 30.5.2011, 3.06.2011 og 4.07.2011 frá Umhverfissráðuneytinu sem óskar eftir umsögnum á drögum að nýjum reglugerðum bygginga, framkvæmda og landskipulagsstefnu.
Nefndin gerir athugasemdir við þau vinnubrögð ráðuneytisins að setja drög að byggingarreglugerð í umsagnarferli á hefðbundnum sumarleyfistíma. Nefndin óskar eftir að umsagnartími verði lengdur.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

3. Fjármál.

3.1. Sex mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar janúar-júní 2011.

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, fór yfir sex mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar janúar-júní 2011.

Til máls tók GDP, ÍHS, GS.

Bæjarfulltrúar D-lista ítreka vilja sinn og áhuga til að vinna með fullrúum L-lista og starfsfólki Stykkishólmsbæjar að lausnum á rekstrarvanda Stykkishólmsbæjar sem lýsir sér í því að á sama tíma og tekjur dragast saman aukast rekstrargjöld.

Gretar D. Pálsson

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Hjörleifur K Hjörleifsson

Til máls tóku síðan GDP, LÁH, DS, ÍHS

4. Fyrirhöguð sala Aðalgötu 2

Eftirfarandi bókun var lögð fram.

Undirrituð gagnrýna að ekki hafi farið fram opin og ábyrg umræða um sölu Aðalgötu 2 (Egilshúss). Mál af þessari stærðargráðu kallar á opna umræðu en er ekki til þess fallið að kasta á milli aðila í tölvupóstsamskiptum. Eins og tölvupóstsamskipti bera vott um virðist sem bæjarfulltrúar L-lista hafi vélað um málið sín á milli og ekki er tekið tillit til beiðna um sérstaka fyrirtöku málsins á fundi bæjarstjórnar. Tilboð barst í húsið og tekin er



ákvörðun af hálfu forseta bæjarstjórnar um að sent skuli gagntilboð án þess að fyrir liggi formleg samþykkt um sölu á húsinu, né á hvaða verði húsið skuli selt að lágmarki. Við teljum umrætt gagntilboð vera of lágt verð fyrir húsið og lægra en þau verð sem greitt hefur verið fyrir sambærileg hús í Stykkishólmi.

Stykkishólmi 25. Ágúst 2011
Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur K. Hjörleifsson

Eftirfarandi bókun var lögð fram.

Vegna umræðu um sölu Aðalgötu 2 (Egilshús).

Gert er ráð fyrir sölu eigna í fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 og í umræðum um áætlunina kom fram að mestu möguleikar lægju í að selja húseignina að Aðalgötu 2 eða Ásklif 4a.

Á bæjarstjórnarfundi þann 21.10.2010 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að auglýsa húseignina að Aðalgötu 2 til sölu og ákveðin skilyrði sett fyrir sölnni, sjá neðangreinda afgreiðslu:

Við undirrituð leggjum til að húsnæði að Aðalgötu 2, (Egilshús) verði selt ef viðunandi verð fæst og tryggt sé að sú starfsemi sem er í húsinu og tengist Stykkishólmsbæ verði fundinn annar staður.

*Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Samþykkt að auglýsa Aðalgötu 2 til sölu.*

Allir bæjarfulltrúar hafa verið vel upplýstir um gang mála og tilboð sem borist hafa í Aðalgötu 2 send bæjarfulltrúum.

Tvö tilboð hafa borist í eignina. Fyrra tilboðinu var hafnað. Seinna tilboðið sem borist hefur gildi til miðnættis 23. ágúst. Að kveldi 23. ágúst höfðu 4 bæjarfulltrúar L-listans samþykkt að sent yrði gagntilboð. Einn bæjarfulltrúi D- listans hafnaði því að sent yrði gagntilboð og bað um frest fram á fimmtudag til að ræða málin.

Gagntilboð var sent inn að kveldi 23. ágúst með fresti til miðnættis 25. ágúst 2011

Lárus Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Guðmundur Andrésson